



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

29. nóvember 2004

Yfirlýsing SVP – Samtaka verslunar og þjónustu:

Fríhafnarverslun verði einkavædd

Stjórn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu ítrekar þá skoðun sína að ríkið dragi sig út úr verslunarrekstri í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) og komi honum í hendur einkaaðila. Óeðlilegt sé að ríkið taki sér einkaleyfi á verslun með snyrtivörur, rafmagnstæki og aðra sérvöru í FLE og haldi uppi samkeppni við einkarekna verslun leigutaka í FLE og almenna verslun í landinu. Það er með öllu óásættanlegt að FLE sé beggja megin borðs, þ.e.a.s. bæði leigusali og keppinautur leigutaka.

Fyrirkomulag verslunarrekstrar

SVP telja að einkaaðilar eigi alfarið að annast rekstur verslana í FLE. Verslun myndi engu að síður vera tollfrjáls eins og nú er fyrir alla þá sem eru að fara frá landinu og framvísa brottfararspjaldi.

Ekki mun algengt í öðrum Evrópulöndum að ríkið stundi fríhafnarverslun líkt og hér. Í flugstöðvum landa innan Evrópusambandsins er varningur til sölu til allra sem þar fara um á venjulegu verði að meðtöldum virðisaukaskatti, en þeir sem geta framvísað brottfararspjaldi sem sanni að þeir séu að ferðast út úr ESB og geti keypt vörur tollfrjálst.

Áskorun

SVP skora á stjórn málaflokka á Alþingi að stuðla að þessu á yfirstandandi þingi og minna á, að stefna nær allra stjórn málaflokka fyrir síðustu Alþingiskosningar var að leggja bæri niður ríkisverslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Tollfrjáls komuverslun verði aflögð

Stjórn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu telur að það eigi fremur að vera markmið stjórnvalda að efla almenna verslun í landinu, sem skilar samfélaginu eðlilegum og almennum tekjum, en að reka tollfrjálsa komuverslun í flugstöðvum í beinni samkeppni við innlenda verslun. Því eigi að afleggja tollfrjálsa komuverslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) og á öðrum flugvöllum.

Eðlilegt væri að einungis þeir sem búsettir er erlendis geti keypt skattfrjálsan varning („Tax-free”) við komu til landsins líkt og þeir geta nú gert í verslunum um allt land. Núverandi fyrirkomulag sem heimilar öllum sem koma til landsins að kaupa vörur í komuverslun Fríhafnarinnar án virðisaukaskatts og annarra gjalda skekkir samkeppnisstöðu annarra verslana í landinu. Ætla má að þeir sem búsettir eru hér á landi myndu kaupa sambærilega vöru í öðrum verslunum landsins ef Fríhafnarverslunin byði þær ekki án virðisaukaskatts og annarra gjalda við komuna til landsins. Einnig er vert að stjórnvöld íhugi hvað réttlætir það að þeir Íslendingar sem ferðast til útlanda njóti þeirra forréttinda að greiða ekki virðisaukaskatt og tolla af vörukaupum við komu til landsins á meðan þeir sem ekki ferðast greiða þessi gjöld við kaup á vörum.

Áskorun

SVP skora á stjórnvöld að leggja sem fyrst niður tollfrjálsa komuverslun í FLE og öðrum komustöðum til landsins, jafna þannig samkeppnisstöðu innlendrar verslunar og efla verslunarrekstur sem skilar eðlilegum tekjum til samfélagsins.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri